



Utanríkisviðskipti jukust mikið á fyrri hluta ársins

Mikill vöxtur var á utanríkisviðskiptum á fyrri hluta ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Þannig jókst útflutningur vöru og þjónustu um 20% og innflutningur á vöru og þjónustu um 14% á gengi hvors árs.

Á fyrri árhelmingi nam útflutningur vöru og þjónustu 583 ma.kr. sem er um 97,2 ma.kr. meiri útflutningur en á sama tíma í fyrra.

Vöruútflutningurinn jókst hlutfallslega meira eða um 23% (62 ma.kr.) en þjónustuútflutningurinn jókst um rúm 16% (35 ma.kr.).


Innflutningur vöru og þjónustu nam 512 ma.kr. á fyrri helmingi ársins borið saman við 449 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Aukningin nemur um 63 ma.kr. eða 14%. Rétt eins og með útflutninginn skýrir vöruinnflutningurinn stærri hlut af vextinum en hann jókst um rúma 56 ma.kr. eða um 20%, en þjónustuinnflutningurinn um 6,6 ma.kr. eða 3,9%.

Aukinn vöruútflutningur skýrist fyrst og fremst af sjávarafurðum og áli

Aukinn vöruútflutningur skýrist einkum af auknu útflutningsverðmæti tveggja útflutningsstoða; sjávarútvegs og áls. Án vaxtar í þessum tveimur greinum hefði mælst samdráttur í heildarvöruútflutningi milli ára.


Útflutningsverðmæti sjávarafurða var 26 ma.kr. meira fyrsta hálfu árið en á sama tíma í fyrra en það gerir um 19% vöxt. Það skýrist að miklu leyti af mun betri loðnuvertíð en á sama tíma í fyrra en útflutningsverðmæti loðnu var 11 ma.kr. meira en á sama tíma í fyrra. Útflutningur á þorski óx einnig verulega. Útflutningsverðmæti áls jókst um 30% milli ára sem skýrist fyrst og fremst af styrkingu dollarans gagnvart krónu en meðalvirði dollarans jókst úr 113,6 krónum og í 133,6 krónur milli fyrri árhelmingis 2014 og samsvarandi tímabils á þessu ári. Meðalálverð hækkaði um 0,4% milli tímabila.

Utanríkisviðskipti á fyrri hluta ársins




Heimild: Hagstofa Íslands

Vöxtur utanríkisviðskipta milli ára



Á fyrri árhelmingi
Heimild: Hagstofa Íslands

Álverð og gengi dollars



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



Meiri innflutningur á flutningatækjum en innflutningsverðmæti eldsneytis dregst saman

Aukinn vöruinnflutningur skýrist að stærstum hluta af stórum breytingum í fáum vöruflokkum. Þannig jókst innflutningur á flutningatækjum um 26,8 ma.kr. en af þeirri tölu eru flugvélar með 14,1 ma.kr. og innflutt skip með 2,6 ma.kr. Innflutningur fólksbíla jókst um 5,6 ma.kr. eða um 38%. Annar liður sem jókst mikið eru unnar hrá- og rekstrarvörur en aukningin þar nam 19,8 ma.kr. milli ára. Samdráttur hefur orðið í innflutningsverðmæti eldsneytis og smurolíu og má rekja það að mestu leyti til lækkunar heimsmarkaðsverðs olíu en innflutningurinn dróst saman um 6,6 ma.kr. milli ára eða 14%.

Ferðapjónusta knýr vaxandi þjónustuútflutning ...


Rétt eins og verið hefur undanfarin ár hefur ferðapjónustan knúið áfram vöxtinn í útfluttri þjónustu. Þjónustuútflutningur jókst um 35 ma.kr. milli ára á fyrri árshelmingi en þar af má skýra a.m.k. 19 ma.kr. aukningarinnar með auknum umsvifum í ferðapjónustu¹. Annar liður sem jókst mikið milli ára eru tekjur vegna notkunar hugverka en sá liður ríflega fimmfaldaðist milli ára og nam aukningin 15,9 ma.kr. Áhrif annarra þjónustuliða eru minniháttar.

...og þjónustuinnflutning


Eins í tilfelli útfluttrar þjónustu skýra ferðalög Íslendinga erlendis stærstan hluta af aukningu í innflutningi þjónustu milli ára.

Heildarinnflutningur jókst um 3,4 ma.kr. og nam hlutur ferðalaga 7,8 ma.kr. eða 15%. Annað sem skýrir stóran hluta vaxtarins eru samgöngur og flutningar sem jukust um 3,9 ma.kr. milli ára. Nokkrir liðir drógust saman og þar vegur mest önnur viðskiptaþjónusta sem dróst saman um 4,7 ma.kr.

Innflutningur á ýmsum flutningatækjum



Breyting í innflutningi nokkura liða



¹ Hér er ferðapjónusta skilgreind sem þjónustuliðirnir „ferðalög“ og „farþegaflutningar með flugi“.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.